

# GJALDSKRÁ

## fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Borgarfjarðarsveit.

### 1. gr.

Sveitarsjóður Borgarfjarðarsveitar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Borgarfjarðarsveit skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 184/2004 um fráveitur í Borgarfjarðarsveit.

### 2. gr.

Stofngjald við tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr.	35.000	á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	kr.	11.750	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	kr.	50	á hvern m <sup>3</sup> í húsnæðinu að 4000 m <sup>3</sup>
		12	á hvern m <sup>3</sup> > 4000 m <sup>3</sup>

Ef um tvöfalt frárennisliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,2% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

### 4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu 8. janúar 2004, fyrri umræða var 30. desember 2003.

*Litla-Hvammí, 30. mars 2004.*

**Linda Björk Pálsdóttir** sveitarstjóri.